

S A M Þ Y K K T

193

10. nóv.

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð í Vestur-Ísafjarðarsýslu,
nr. 13 25. febr. 1960.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Í Auðkúluhreppi:

1. Mosdalsvegur, af Vestfjarðavegi við Svíná um Mosdal að Hokinsdal.
2. Stapadalsvegur, af Álftamýrarvegi hjá Álftamýri að Stapadal.

Í Þingeyrarhreppi:

3. Hofsvegur, af Haukadalsvegi utan Sandár að Hofi.
4. Bakkavegur, af Hofsvégi hjá Múla um Bakka á Þingeyrarveg í Brekkudal.
5. Þingeyrarkauptúnsvegur, milli Dýrafjarðar- og Haukadalsvega.
6. Sandavegur, af Haukadalsvegi að Söndum.
7. Flugvallarvegur, af Haukadalsvegi að flugvelli á Sandasandi.

Í Mýrahreppi:

8. Hjarðardalsvegur, af Dýrafjarðarvegi að Fremri-Hjarðardal.
9. Klukkulandsvegur, af Núpsvegi að Klukkulandi.
10. Lækjarvegur, af Núpsvegi að Læk.
11. Arnarnesvegur, af Ingjaldssandsvegi að Arnarnesi.
12. Brekkuvegur, af Ingjaldssandsvegi að Brekku.
13. Hraunsvegur, af Ingjaldssandsvegi að Hrauni.
14. Ingjaldssandsvegur, frá Sæbóli á Ingjaldssandi fyrir Hrafnaskálanúp að Dals-
sjó í Valþjófsdal.
15. Hálsvegur, af Ingjaldssandsvegi að Hálsi.

Í Mosvallahreppi:

16. Hólsvegur, af Ísafjarðarvegi að Hóli.
17. Vaðlavegur, af Hjarðardalsvegi að Vöðlum.
18. Bryggjuvegur, af Hjarðardalsvegi að hafskipabryggju.
19. Þórustaðavegur, af Hjarðardalsvegi að Þórustöðum.
20. Ytri-Hjarðardalsvegur, af Hjarðardalsvegi að Ytri-Hjarðardal.
21. Tunguvegur frá Dalssjó að Tungu í Valþjófsdal.
22. Dalshúsvegur, af Tunguvegi um Kirkjuból að Dalshúsum.

Í Flateyrarhreppi:

23. Eyrarhjallavegur frá Flateyri að Klofningshrygg.
24. Breiðadalsvegur, af Flateyrarvegi að Fremri-Breiðadal.

Í Suðureyrarhreppi:

25. Vatnadalsvegur, af Suðureyrarvegi að Vatnadal.
26. Suðureyrarkauptúnsvegur, í gegnum kauptúnið milli þjóðvega.

Sýsluvegur nær ekki nema að heimatúni býlis. Þetta gildir þó ekki, þar sem sýsluvegur liggur gegnum tún jarðar eða býlis.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

10. nóv. **193** Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 37 23. maí 1959, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 10. nóvember 1960.

Ingólfur Jónsson.

Brynj. Ingólfsson.

16. nóv. **194**

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Sandgerði í Miðneshreppi, nr. 64 21. apríl 1948, sbr. reglugerð nr. 121 27. sept. 1954.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Að nýafstöðnum hreppsnefndarkosningum kýs hreppsnefnd Miðneshrepps 3 menn í hafnarnefnd og jafn marga til vara. Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og hreppsnefndar, hafi hreppsnefnd ekki ákveðið styttri tíma.

Hafnarnefnd sér um viðhald, endurbætur og byggingu hafnarmannvirkja og stýrir öllum framkvæmdum við þau verk.

2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Til þess að standast kostnað við hafnarmannvirki og árlegan reksturskostnað, skal stofna hafnarsjóð. Í hafnarsjóð renna allar tekjur, sem ákveðnar eru með reglugerð þessari. Sveitarstjóri Miðneshrepps annast reikningshald og fjárvörzlu hafnarsjóðs, f. h. hreppsnefndar, enda ber sveitarsjóður ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

Við lok hvers reikningsárs skal sveitarstjóri semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins, og ber honum að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlök næsta reikningsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningar.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári.

Hreppsnefnd skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt skýringum á gjalda- og tekjuliðum.

3. gr.

24. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

- a. Fiskiskip, 12 brúttó-smálestir og stærri, sem eru eign manna búsettra við hafnarsvæðið, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 3 krónur fyrir hverja brúttó-smálest, með gjalddaga í október.
- b. Önnur innlend fiskiskip greiði 60 aura af hverri brúttósmálest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, og hafa samband við land, þó ekki yfir 150 aura af smálest á ári.
- c. Innlend strandferðaskip og millilandaskip greiða í fyrsta skipti á ári hverju, er þau koma á Sandgerðishöfn, 150 aura af hverri brúttó-smálest í lestagjald, en ekkert þótt þau komi oftan á því ári.